



Námstefna í samningagerð

Á námskeiðinu verður stefnt saman öllum sem sæti eiga í samninganefndum og vinna að kjarasamningagerð í landinu. Þar gefst því einstakt tækifæri til að bæta vinnubrögðin við kjarasamningagerðina, læra nýjustu aðferðir, deila reynslu og efla marksækni og fagmennsku við samningaborðið.

Markmið námskeiðs

- Efla færni samninganefndarfólks
- Auka fagmennsku við kjarasamningaborðið
- Stuðla að órofa samningsferli

Í hnotskurn

- Þátttakendur: Allt samninganefndarfólk stéttarféлага og launagreiðenda á Íslandi.
- Tímalengd: 3 dagar.
- Tímasetning: 2.-4. maí og 1.-3. október 2018, þátttakendur velja annað hvort.
- Staðsetning: Háskólinn á Bifröst og undurfagurt umhverfi hans.
- Verð: Á bilinu 50-70.000 á mann (Nánar tilkynnt síðar).
- Innifalið í verði: Námskeiðsgjöld, námsgögn, gisting og matur, rúta til og frá Reykjavík.
- Kennarar: Kynntir síðar, en munu koma frá aðilum vinnumarkaðarins, háskólunum og erlendis frá.
- Kennslufyrirkomulag: Fyrirlestrar í stærri og minni hópum, vinnustofur og verkefnavinna.

Hæfniviðmið

Að námskeiðinu loknu munu þátttakendur hafa öðlast:

- Þekkingu á lögum og leikreglum sem tengjast kjarasamningagerðinni.
- Þekkingu á þáttum sem stuðla að virðingu, trausti, fagmennsku og bestu niðurstöðum í samningagerð.
- Þekkingu á efnahagslegu samhengi og þjóðhagslegu mikilvægi kjarasamninga.
- Leikni til að takast á við hindranir í viðræðum.
- Leikni í samskiptum, tali, hlustun og fasi.
- Hæfni til að skipuleggja og vinna með heildarferli kjarasamninga, frá samningi til samnings.
- Hæfni til að semja vel og stuðla að gagnkvæmum ávinningi í kjarasamningagerð.

Til að standast námskeiðið þurfa nemendur að hafa mætt á alla fyrirlestra og lokið námsmati. Námsmat byggist á þátttöku í vinnustofum og verkefnavinnu.



Dagur 1 – Inngangur og undirstöður

Morgunkaffi og innritun á hótél frá 9:30-10:30

10:30-10:45 Setning

Farið yfir dagskrá og markmið fræðslunnar.

10:45-11:30 Leikreglur

Fjallað um kerfi til lausnar ágreiningi á vinnumarkaði, opinberum og almennum. Helstu lög og reglur á íslenskum vinnumarkaði, kjarasamningaferlið, úrræði ríkissáttasemjara.

11:30-13:00 Samskipti og ábyrgð – vinnustofa

Traust og virðing sem grundvallaratriði í samningum. Hlutverk samningafólks og ábyrgð gagnvart viðsemjanda og baklandi. Viðræðuáætlun sem tæki til að undirbúa samningagerðina. Kjarasamningagerð á tímum samfélagsmiðla.

13:00-14:00 Hádegisverður

14:00-15:30 Efnahagslegt samhengi kjarasamninga – vinnustofa

Fjallað um það sem aðgreinir kjarasamninga frá öðrum samningum, áhrif þeirra á samfélagið og þjóðhagslegt mikilvægi.

15:30-16:30 Ísland í alþjóðlegum samanburði

Fjallað um kjarasamningaferlið hér á landi í samanburði við nágrannalöndin. Skipulag vinnumarkaðarins og áhrif þess á kjarasamningagerðina.

16:30-17:00 Samantekt og lokaorð

17:00-18:00 Náttúruskoðun og samvera

19:00 Kvöldverður



Dagur 2 – Samningatækni og teymisvinna

Morgunmatur 8:00-09:00

09:00-09:30 Lærdómur frá degi 1, upprifjun og umræður

09:30-12:30 Listin að semja vel – vinnustofa

Fjallað um hugmyndafræði samninga og kostina við að nálgast kjarasamningagerðina með gagnkvæman ávinning í huga. Einnig verður farið yfir grunnatriði í samningatækni. Rætt um fagleg vinnubrögð og góða samningahætti.

12:30-13:30 Hádegisverður

13:30-17:00 Samskipti, teymi og traust – vinnustofa

Fjallað um samninganefndina sem teymi, traustuppbyggingu og mikilvægi góðra samskipta við samningaborðið.

17:00-17:30 Samantekt og lokaorð

17:30-18:30 Náttúruskoðun og samvera

19:30 Kvöldverður



Dagur 3 – Samskiptafærni og verkefnavinna

Morgunmatur frá 8:00-09:00

09:00-09:30 Lærdómur frá degi 2, upprifjun og umræður

09:30-13:00 Samskiptafærni - vinnustofa

Fjallað um samskipti, líkamstjáningu, tal og fas. Rætt um leiðir til að nálgast erfiða einstaklinga, og hvernig við getum stuðlað að heilindum og auknu trausti við samningaborðið.

13:00-14:00 Hádegisverður

14:00-15:30 Lokavinnustofa

15:30-17:00 Útskrift og lokahóf

17:30 Rúta til Reykjavíkur

DRÖG